

Þverpólítísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Þriðji fundur nefndar. Haldinn í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 3, dags. 14.08.2018. Fundur hófst kl. 11:30.

Fundinn sátu: Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Óli Halldórsson, Vilhjálmur Árnason, Bergþór Ólason, Hanna Katrín Friðriksson og Halldóra Mogensen.

Forföll boðuðu: Líneik Anna Sævarsdóttir, Ólafur Ísleifsson, Steingrímur J. Sigfússon, Valtýr Valtýsson.

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Staða vinnunnar

Formaður nefndar fór yfir stöðu vinnunnar. Ræddi um að nú væri verið að vinna í verkefnum eitt og tvö; **1. Greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf** **2. Vinna að tillögum að helstu áherslum í atvinnustefnu þjóðgarðsins.** Til stæði að klára þessi verkefni í haust auk þess sem á næstum misserum þyrfti að fara að huga að verkefni þrjú; Skilgreining á mörkum þjóðgarðsins. Áætlað væri að klára þessi þrjú verkefni fyrir áramót.

2. Fundir með sveitastjórnnum og íbúum

Verkefnisstjóri fór yfir fundadagskrá nefndar næstu vikna. Tíu fundir á fimm stöðum víðs vegar um landið. Annars vegar, fundir með fulltrúum sveitastjórna með skipulagshlutverk á miðhálandinu auk Norðurþings vegna aðildar að Vatnajökulsþjóðgarði og Árborgar og Flóahrepps vegna upprekstrarréttinda á miðhálandinu. Hins vegar, opnir kynningarfundir í kjölfar funda með sveitastjórnafulltrúum. Farið var yfir dags- og tímasetningar fundanna og dagskrá þeirra.

3. Greining tækifæra: Yfirferð

Nefnd fór yfir fyrstu drög að texta fyrsta verkefnis: *Greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf.* Verkefnisstjóri tók niður athugasemdir og tillögur nefndarmanna. Ákveðið var verkefnisstjóri uppfærði textadrögin og sendi aftur til nefndarmanna til lokaathugasemda.

Í ljós tengsla verkefna eitt og tvö ákvað nefnd að lokadrög þessara verkefna yrðu sett á sama tíma í samráðsgátt stjórnvalda.

Fleira gerðist ekki og lauk fundi 12:57